



Faghópur II

Fundargerð 20. fundar

Gunnarsholti 15. október 2009, kl. 8:00

Mætt: Anna G. Sverrisdóttir, Anna Dóra Sæþórsdóttir, Friðrik Dagur Arnarsson, Jóhannes Sveinbjörnsson, Rögnvaldur Ólafsson og Sveinn Runólfsson. Ólafur Örn Haraldsson boðaði forföll .

Fundarfrásögn:

1. **Tengsl verðmætamats svæða við virkjanakosti.** Farið yfir hvernig verðmætamat svæðanna tengist virkjanakostunum og hvernig þau skiptast í: framkvæmdasvæði, aðliggjandi svæði og fjärsvæði. Svæðin fá mismunandi vogtölur eftir því í hverjum af þessum flokkum þau eru gangvart hverjum virkjanakosti. Hér mun lega lína jafnframt hafa áhrif á í hverjum af þessum flokkum svæði lendir.
2. **Röðun virkjunarkosta með tilliti til virðismats og afleiðinga.** Kynnt hugmynd að hvernig setja mætti afleiðingarnar og virðismatið saman í graf sem byggja má röðun virkjanakostana á í skilum faghópsins til verfnastjórnar. Leist hópnum vel á þessa aðferð og ákveðið að nýta hana við úrvinnsluna.
3. **Mat innviða.** Ákveðið að gera breytingar á mati innviða bæta inn mati á innviðum fyrir göngufólk og taka jafnfram með í þessum flokki hæstu einkunn Jeppaleið v. Fólksbílaleiða og hæstu einkunn frá Gisting á svæði v. Gisting í nágreni. Mat á gæðum innviða skal miða við væntingar þess markhóps sem nú sækir svæðið heim.
4. **Farið yfir leiðbeiningablað** vegna mats á áhrifum. Þar sem skalinn er frá +10 til -10. Gengið til mats á áhrifum af Markarfljótirkjun A . Hugmynd að línulögn liggur frammi og var tekið tillit til hennar við matið. Ljóst er að erfitt mun reynast að meta áhrifin á jafn mikið sundurliðaðan hátt og verðmætamatið er unnið.
5. **Þakkir fyrir góðar móttökur.** Faghópurinn þakkar Sveini og hans fólki í Gunnarsholti fyrir frábærar móttökur og góða aðstöðu á vinnufundunum í Gunnarsholti. Fundi slitið kl 13:40 Næsti fundur í Orkustofnun 21. Október kl 16:00